

Mánudagurinn 1. september 1997 kl. 12:00

98. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 31/1997

Kvartanir vegna viðskipta með Campari

I.

Málavextir

1.

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 18. september 1996, frá Skúla Bjarnasyni hdl., f.h. Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, þar sem þess er óskað að Samkeppnisstofnun rannsaki viðskiptahætti í innflutningi á áfengistegundinni Campari til landsins. Í erindinu er forsaga málsins rakin á eftirfarandi hátt:

„Forsaga máls þessa er í stuttu máli sú að ÁTVR hefur um langt árabil átt viðskipti við Campari fyrirtækið á Ítalíu og keypt þaðan milliliðalaust Campari Bitter af 25% vínandastyrkleika. Þann 2. nóvember 1995 barst fyrirtækinu símbref frá Campari í Milanó, en þar hafði ÁTVR alltaf átt viðskiptin, þar sem tilkynnt var með hefðbundnum hætti hvaða verð mundi gilda á vörunni frá 1. janúar 1996, en jafnframt var tekið sérstaklega fram í bréfinu að allir aðrir skilmálar (conditions) verði áfram óbreyttir nema öðruvísi verði tilkynnt. Skömmu síðar, eða þann 6. desember 1995, sendi svo ÁTVR pöntun á 200 kössum af 0,7 l flöskum til Ítalíu. Þann 11. desember sendi Campari í Milanó svar við pöntuninni í símbrefi, en þar var tilkynnt að Karl K. Karlsson, Reykjavík, hefði verið tilnefndur einkainnflytjandi Campari á Íslandi (sole importer) og hefði pöntunin verið framsend til hans og mundi það fyrirtæki annast afhendingu á vörunni.

Þann sama dag barst umbj. mínum símbref frá Karli K. Karlssyni ehf., þar sem boðið er til kaups Campari af 21% styrkleika, 300 kassar að

lágmarki og á mun hærra verði en áður hafði gilt, eða hækkun sem jafngilti 109% hækkun á reiknuðu innkaupsverði. Ítrekaðar tilraunir umbj. míns til þess að fá lækkun á verði, lækkun á lágmarksinnkaupum og beiðni um að fá að skipta áfram við Campari á Ítalíu, voru allar án árangurs. Þessu til staðfestu eru m.a. bréfaskipti sem fóru fram á milli aðila í desember 1995 og janúar 1996. Það var ekki fyrr en með bréfi dags. 8. mars 1996 að loks fékkst einhver lækkun á verði, en áfram varð að skipta við Karl K. Karlsson ehf. og ekki var inni í myndinni að fá annað en vín af 21% styrkleika. Enn var kostnaðarverð til ÁTVR 45% hærra á 21% víninu en verið hefði á drykk af 25% styrkleika ef Campari fyrirtækið hefði selt ÁTVR vöruna skv. þeim skilmálum sem tilgreindir voru í áðurnefndu símbréfi Campari í Mílanó, dags. 2. nóvember 1995. Sama dag og umrætt lækkunarboð barst frá fyrirtækinu, þ.e. þann 8. mars sl., hafði undirritaður sent Campari í Mílanó símbréf þar sem óskað var formlegrar staðfestingar á því að fyrirtækið neitaði einnig að selja 25% styrkleika til Íslands þótt hann væri enn framleiddur. Þá var enn fremur leitað svara við því hvort það væri liður í yfirlýstri bættri þjónustu við viðskiptamenn að nú væri einungis unnt að kaupa 3600 flöskur í einu, en áður hefði ekki verið um slíkt lágmark að ræða. Svarbréf Campari er dagsett 26. mars og var það sent undirrituðum frá Campari International í Monaco. Í bréfinu ber fyrirtækið af sér allar sakir, staðfestir sölusynjun á 25% Campari og telur sér frjálst að selja hvenær sem því þóknist, hvert sem er og við hvaða verði sem því sýnist.“

Í erindi ÁTVR kemur einnig fram að fyrirtækið hafi jafnhliða áframhaldandi samningaumleitunum við Campari og umboðsaðila þess á Íslandi leitað fyrir sér hjá birgjum á Norðurlöndum með kaup á vörunni. Fyrirtækið hafi hins vegar fengið þau svör þaðan að birgjarnir teldu sig ekki í stakk búna til þess að selja þar sem þeir væru bundnir samningsskyldum gagnvart Campari-fyrirtækinu.

Fram kemur einnig sú skoðun forsvarsmanna ÁTVR að Karl K. Karlsson ehf. hafi reynt með aðstoð framleiðenda vörunnar að þvinga ÁTVR til þess að kaupa aðra vöru en óskað var eftir, á hærra verði og í meira magni en fyrirtækið hafði þörf fyrir eða kærði sig um. Fer ÁTVR fram á rannsókn af hálfu Samkeppnisstofnunar og aðgerðir af hálfu samkeppnisráðs til að stöðva eða koma í veg fyrir hin meintu óeðlilegu viðskiptakjör sem Karli K. Karlssyni ehf. hafi tekist að knýja fram. Er vísað til 1. og 17. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Ennfremur er óskað rökstudds álits Samkeppnisstofnunar á því hvernig fara skuli með það þegar fyrirtæki stundar sín viðskipti innan Evrópska efnahagssvæðisins eins og Campari í Mílanó hefur gert alla tíð, en svari svo óþægilegum málum sem varði hugsanleg brot á EES-samningnum frá einhvers konar alþjóðadeild í Monaco sem er utan EES-svæðisins.

2.

Með bréfi, dags. 23. september 1996, var Karli K. Karlssyni ehf. sent erindi ÁTVR til umsagnar og barst umsögn fyrirtækisins með bréfi, dags. 1. október 1996. Í bréfi Karls K. Karlssonar ehf. kemur fram að fyrirtækið hafi þegar farið þess á leit við Verslunarráð Íslands að ráðið leitaði álits samkeppnisyfirvalda á ýmsum þáttum sem snertu viðskiptahætti ÁTVR gagnvart fyrirtækinu.

Í umsögn Karls K. Karlssonar ehf. um erindi ÁTVR segir að þegar einkaréttur ÁTVR til innflutnings á áfengi hafi verið afnuminn 1. desember 1995 hafi fyrirtækið ákveðið að hefja innflutning á Campari. Slík breyting hafi verið í samræmi við óskir framleiðanda vörunnar, sem telji það þjóna viðskiptahagsmunum fyrirtækisins betur að innflutningur og dreifing sé í höndum umboðsaðila vörunnar heldur en fyrirtækis á borð við ÁTVR. Ennfremur hafi fyrirtækið verið að fylgja þeirri stefnu Davide Campari S.p.A., að beina fremur 21% Campari inn á markað á Norðurlöndum en 25% Campari.

Í umsögninni kemur einnig fram að breytingar á styrkleika og á verði vörunnar hafi ekki verið til þess fallnar að skaða hagsmuni ÁTVR á nokkurn hátt. Þessi smávægilega styrkleikabreyting hafi ekki falið það í sér að um nýja vöru hafi verið að ræða. Jafnframt er bent á að 21% Campari hafi um langt skeið verið selt í fríhöfninni í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og verði hvorki séð að það fyrirtæki né viðskiptavinir þess hafi litið svo á að þar væri um aðra vöru að ræða en þá sem seld sé í verslunum ÁTVR.

Af hálfu Karls K. Karlssonar ehf. er litið svo á að ÁTVR sé heimilt á grundvelli samkeppnisreglna EES-samningsins að leita eftir kaupum á 25% Campari og síðar 21% Campari hjá framleiðandanum sjálfum og dreifingaraðilum erlendis. Þrátt fyrir að slíkur samhliða innflutningur sé heimill verði ekki séð að hinum erlendu dreifingaraðilum sé að nokkru leyti skylt að selja ÁTVR vöruna. Að lokum segir í umsögninni að órökstuddar dylgjur lögmanns ÁTVR um að Karl K. Karlsson ehf. hafi með einhverjum hætti beitt sér í þeim tilgangi að koma í veg fyrir samhliða innflutning séu fráleitar.

Erindi Verslunarráðs Íslands f.h. Karls K. Karlssonar ehf., sem vikið var að í umsögn fyrirtækisins barst Samkeppnisstofnun 26. september sl. Í erindinu er þess farið á leit að Samkeppnisstofnun kanni hvort viðskiptahættir ÁTVR gagnvart Karli K. Karlssyni ehf. brjóti í bága við ákvæði samkeppnislaga. Í erindi Verslunarráðs er málavöxtum lýst svo:

„Málavextir eru með þeim hætti að eftir að einkaréttur ÁTVR til innflutnings og heildsölu áfengis var afnuminn þann 1. desember 1995 hugðist Karl K. Karlsson ehf. taka í sínar hendur dreifingu Campari til endursöluaðila á Íslandi, þar á meðal til ÁTVR. Var það í samræmi við stefnu, sem mörkuð hafði verið af hinum ítalska framleiðanda vörunnar. Í ljósi þess afhenti fyrirtækið ÁTVR tilboð vegna tiltekins magns af vörunni þann 11. desember og fólst í því ákveðin breyting á verði og styrkleika frá því sem verið hafði fram að þeim tíma. ÁTVR gerði athugasemdir við framsetningu tilboðsins og næstu daga á eftir áttu sér stað nokkur bréfaskipti og símtöl milli fyrirtækjanna, þar sem ágreiningur var uppi um það hvaða þætti ætti nákvæmlega að tilgreina þar og hverja ekki. Fór svo að ÁTVR hafnaði því að eiga viðskipti á grundvelli þessa tilboðs, þrátt fyrir að Karl K. Karlsson ehf. breytti framsetningu þess til samræmis við ábendingar fyrirtækisins. Skýringar ÁTVR á höfnuninni voru þær, að fyrirtækið sætti sig ekki við þær breytingar á verði vörunnar og áfengisstyrkleika sem fólust í tilboðinu.

Karl K. Karlsson ehf. sendi ÁTVR nýtt tilboð vegna Campari þann 8. mars sl., en á þeim tíma hafði vörutegundin verið ófánleg í vínbúðum um alllangt skeið eða í um 8 vikur. Það var hins vegar ekki fyrr en 23. apríl að fyrsta pöntunin barst frá ÁTVR á grundvelli þess tilboðs, en í því fólst að keypt var Campari í 70 cl flöskum með styrkleikanum 21% alk. Útsöluverð var ákveðið 1.670 kr. á flösku, en samkvæmt einhliða ákvörðun ÁTVR var varan flutt á milli söluflokka, þannig að hún var flutt úr kjarna í sérflokk, og í kjölfarið var hún aðeins fánleg á 4 útsölustöðum ÁTVR í stað allra 24 áður.

Þann 15. maí voru sendar Campariflöskur í allar útsölur ÁTVR úr sendingu, sem ÁTVR hafði keypt frá Svíþjóð. Var þar um að ræða nákvæmlega sömu vöru og Karl K. Karlsson ehf. flytur inn, þ.e. stærð umbúða og styrkleiki var sá hinn sami. Verðið var hins vegar hærra, eða

kr. 1.740 á flösku. Tveimur dögum síðar, eða 17. maí, var þessi vara hins vegar afturkölluð frá útsölum ÁTVR og var sú aðgerð skýrð með þeim hætti, að gert hefði verið ráð fyrir að hin beinu innkaup ÁTVR frá Svíþjóð myndu skila sér í lægra verði en raun bar vitni. Sama dag, eða 17. maí, barst Karli K. Karlssyni ehf. ný pöntun frá ÁTVR, á sömu kjörum og 23. apríl. Frá því í vor hafa fyrirtækinu borist nokkrar pantanir frá ÁTVR, en óskað hefur verið eftir fremur litlu magni í einu samanborið við þá sendingu, sem keypt var frá Svíþjóð.

Fram til 29. júlí sl. var Campari í sérválsflokki og aðeins fáanlegt í 4 útsölum. Þá var tekin um það ákvörðun í stjórn fyrirtækisins að flytja 21% Campari í kjarna og hefur varan verið fáanleg í öllum útsölum ÁTVR frá þeim tíma.“

Í erindi Verslunarráðs kemur fram sú afstaða ráðsins að viðskiptahættir ÁTVR gagnvart Karli K. Karlssyni ehf. í þessu máli feli í sér misnotkun á markaðsráðandi stöðu og brot á ákvæðum samkeppnislaga. ÁTVR hafi ótvírætt yfirburðastöðu á smásölumarkaði áfengis vegna lögbundins einkaréttar síns á rekstri vínbúða. Í ljósi þess sé eðlilegt að gerðar séu sérstaklega strangar kröfur til þess að fyrirtækið misbeiti ekki stöðu sinni og mismuni hvorki einstökum birgjum sínum né hygli eigin innflutningi. Að mati Verslunarráðs var ÁTVR ótvírætt að hygla eigin innflutningi þegar fyrirtækið bauð 70 cl flöskur af 21% Campari frá Karli K. Karlssyni ehf. í aðeins fjórum útsölum en sams konar flöskur úr eigin innflutningi í öllum verslunum sínum.

Að mati Verslunarráðs hefur ÁTVR misbeitt stöðu sinni og hindrað verulega aðgang keppinautarins að smásölumarkaði fyrir áfengi hér á landi með því að taka vinsæla áfengistegund eins og Campari úr kjarna og flytja hana í sérválsflokk. Með þessu hafi fyrirtækið valdið Karli K. Karlssyni ehf. verulegu fjárhagstjóni og hugsanlega skaðað markaðsstöðu áfengistegundarinnar hér á landi til langs tíma. Að mati Verslunarráðs geta þau sjónarmið ÁTVR að fyrirtækið hafi ekki getað sætt sig við breytingar á verði og áfengisstyrkleika ekki talist málefnaleg. Breytingar á styrkleika einstakra áfengistegunda séu algengar og eru nefnd nokkur dæmi því til stuðnings í bréfi Verslunarráðs. Einnig segir að líta verði til þess að í bréfi ÁTVR frá 1. desember hafi sérstaklega komið fram að birgjum væri heimilt að bjóða nýtt verð á vöru sinni.

Verslunarráð telur það jafnframt óeðlilega viðskiptahætti hjá ÁTVR að panta um langt skeið einungis lítið magn í einu frá Karli K. Karlssyni ehf. og halda fyrirtækinu þannig í stöðugri óvissu um framhald viðskiptanna. Slíkir viðskiptahættir séu til þess fallnir að valda birgjum óhagræði og auknum kostnaði vegna viðskiptanna.

Verslunarráð fer fram á að samkeppnisráð taki málið til athugunar með hliðsjón af 17. gr. samkeppnislaga og markmiði laganna skv. 1. gr. þeirra.

3.

Framangreind umsögn Karls K. Karlssonar ehf. um erindi ÁTVR og erindi Verslunarráðs f.h. Karls K. Karlssonar ehf. voru send lögmanni ÁTVR til umsagnar með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 13. nóvember 1996. Umsögn Áfengisverslunarinnar barst með bréfi, dags. 4. desember sl.

Í umsögn ÁTVR segir að kjarni málsins sé að Karl K. Karlsson ehf. hafi einhliða og fyrirvaralaust reynt að ná fram stórfelldri hækkun á Campari og um leið að breyta áfengisinnihaldi vörunnar. ÁTVR hafi hrakist til þess að leita viðskipta annars staðar en því miður ekki alltaf haft árangur sem erfiði þar sem framleiðandi vörunnar hafi getað stýrt umboðsmönnum sínum erlendis.

Varðandi flutning vörunnar úr kjarna í sérflokk segir í umsögninni að ekki þurfi um það að deila að áfengi af 21% styrkleika sé allt önnur vara en áfengi af 25% styrkleika, enda sé tekið á því með afdráttarlausum hætti í viðskiptaskilmálum ÁTVR (B-deild Stjórnartíðinda, nr. 158/1995 og 135/1996). Er í því sambandi vísað til ákvæðis í skilmálunum þar sem segi að varan skuli vera óbreytt að gerð á samningstímanum, þ.m.t. vínandastyrkleiki. Þannig missi varan rétt til þess að vera í kjarna við umrædda breytingu með þeim afleiðingum sem raun beri vitni. Um þau dæmi sem nefnd eru í erindi Verslunarráðs segir í umsögn ÁTVR að í öllum tilvikum hafi verið um það að ræða að alfarið hafi verið hætt að framleiða hinn upprunalega styrkleika. Engin dæmi séu hins vegar um það í sögu ÁTVR að neitað hafi verið með þessum hætti um sölu á vöru sem enn sé framleidd. Bent er á að nú sé 21% Campari komið inn í kjarna í stað 25% enda hafi verið sértaklega um það sótt og um það fjallað í stjórn ÁTVR í kjölfarið.

Fullyrðingum um samkeppnishamlandi aðgerðir ÁTVR og misbeitingu á markaðsráðandi stöðu er alfarið mótmælt af hálfu ÁTVR. Athygli er vakin á

Því sem segir í umsögn Karls K. Karlssonar ehf. um að það sé stefna Davide Campari S.p.A., að beina fremur 21% Campari inn á markað á Norðurlöndum heldur en 25% Campari. Að mati ÁTVR sé ekki verið að beina einu fremur en öðru að kaupendum. Fyrir liggi bein sölusynjun fyrirtækisins, bæði á tiltekinni vöru og á hvers konar kaupum, nema í gegnum umboðsmann fyrirtækisins hérlendis.

4.

Umsögn lögmanns ÁTVR var send til umsagnar Verslunarráði og samkvæmt ósk einnig til Karls K. Karlssonar ehf. með bréfum, dags. 20. desember 1996.

Umsögn Karls K. Karlssonar ehf. barst með bréfi, dags. 21. janúar 1997. Í umsögninni kemur fram það mat fyrirtækisins að kvörtun ÁTVR á hendur því sé gersamlega tilefnislaus. ÁTVR hafi geysilega sterka stöðu á markaðnum, setji einhliða skilmála um viðskipti sín við birgja og skeri úr um túlkun þeirra. Allar ákvarðanir hafi verið teknar einhliða af Áfengisversluninni, hvort sem um hafi verið að ræða synjun á því að kaupa Campari af Karli K. Karlssyni ehf., ákvörðun um að bjóða vöruna í sérvalsflokki og loks ákvörðun um að bjóða það í kjarna. ÁTVR hafi misbeitt stöðu sinni í þeim tilgangi að útiloka keppinaut frá því að taka í sínar hendur innflutning á þessari vörutegund og það sé kjarni málsins.

Af hálfu Karls K. Karlssonar ehf. er bent á það, að í byrjun desember 1995 hafi ÁTVR gefið birgjum kost á að senda inn tilboð um sölu á áfengi. Tilboð Karls K. Karlssonar ehf. hafi falið í sér verðbreytingu og breytingu á styrkleika. Því sé fráleitt að halda því fram að fyrirtækið hafi einhliða og fyrirvaralaust ætlað að ná fram stórfelldri hækkun á Campari og um leið að breyta áfengisinnihaldi vörunnar. Ekki megi gleyma að um þessar mundir hafi tekið gildi mikilvægar breytingar á áfengislöggjöfinni í átt til meira frelsis. Háttsemi ÁTVR í málinu bendi hins vegar til þess að verslunin hafi ætlað sér að beita afli sínu til þess að koma í veg fyrir að breytingar yrðu í raun á framkvæmdinni.

Varðandi þátt Davide Campari S.p.A. í Mílanó segir að lokum í umsögninni að telji ÁTVR að framleiðandinn hafi brotið á sér sé það Karli K. Karlssyni ehf. óviðkomandi og íslensk samkeppnisyfirvöld séu ekki réttur vettvangur slíkrar deilu.

Í umsögn Verslunarráðs, sem barst Samkeppnisstofnun þann 21. janúar sl., er ítrekað að háttsemi ÁTVR hafi bent til þess að það vildi viðhalda og styrkja markaðsráðandi stöðu sína í innflutningi áfengis og hafi reynt að nota aðstöðu sína sem einkaleyfishafi í rekstri áfengisútsala til að kippa fótunum undan keppinauti sínum og útiloka hann frá markaðnum. Ekkert hafi komið fram í bréfi lögmanns ÁTVR sem hnekki þessu mati ráðsins.

Verslunarráð gagnrýnir einnig röksemdafærslu ÁTVR fyrir því að færa umrædda vöru úr kjarna í sérflokk. Ákvæði viðskiptaskilmála Áfengisverslunarinnar gangi ekki framur almennum sjónamiðum í samkeppnis- og samningarétti eins og ráð virðist fyrir gert af hálfu ÁTVR. Í því sambandi bendir Verslunarráð á að óeðlilegt sé að áfengisinnflytjendur þurfi að beygja sig undir einhliða samningsskilmála keppinautar síns, þ.e. ÁTVR í þessu tilviki. Slíkt stangist á við almenn sjónarmið í samkeppnisrétti. Skilmálar Áfengisverslunarinnar í viðskiptum við birgja séu einhliða settir af versluninni, samþykktir af stjórn fyrirtækisins og hafi hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytisins. Verslunarráð efast um lagalegt gildi skilmálanna eða a.m.k. hluta þeirra og lagastoð fyrir þeim í áfengislöggjöfinni. Að öðru leyti eru fyrri röksemdir ítrekaðar af hálfu Verslunarráðs.

5.

Framangreindar umsagnir Verslunarráðs og Karls K. Karlssonar ehf. voru sendar til lögmanns ÁTVR og honum gefinn kostur á að gera athugasemdir við umsagnirnar f.h. Áfengisverslunarinnar áður en málið yrði tekið til efnislegrar úrlausnar.

Umsögn Áfengisverslunarinnar barst Samkeppnisstofnun með bréfi, dags. 21. febrúar 1997. Varðandi þátt Campari International segir í bréfinu að ÁTVR meti það svo að samkeppnisyfirvöldum beri einnig að kanna þann þátt málsins þótt hann tengist erlendum aðilum. Sérkennileg viðbrögð hinna erlendu dreifingaraðila séu augljós. Fyrst sé sýndur viðskiptavilji en síðan sé eins og reynt hafi verið að hafa áhrif á dreifingaraðilana sem leitt hafi til þess að þeir töldu sér ekki fært að eiga viðskipti við ÁTVR með Campari.

Einnig segir í umsögninni að einkasala ÁTVR á áfengi hér á landi hvíli að stofni til á gömlum merg og byggist upphaflega fyrst og fremst á heilbrigðissjónarmiðum. Þessi staða Áfengisverslunarinnar leggi henni þær skyldur á herðar að þjóna viðskiptamönnum fyrirtækisins sem best. Það hafi

einmitt verið út af þessu þjónustuhlutverki fyrirtækisins við viðskiptamenn sína sem það ákvað að láta ekki bjóða sér 109% hækkun á innkaupsverði án þess að leita leiða til að ná betri kjörum. Tekið er fram að fyrirtækið hafi ekkert á móti íslenskum birgjum og vilji gjarnan skipta við þá, gæti þeir hófs og sýni þjónustulund.

Umfjöllun Verslunarráðsins um lagastoð skilmála Áfengisverslunarinnar í viðskiptum við birgja er alfarið vísað á bug. Í lokin er það áréttað að hækka hafi átt verðið á umræddri vöru um 109%, að neitað hafi verið að selja vöruna þótt hún væri ennþá framleidd og loks að ÁTVR hafi alls staðar komið að lokuðum dyrum þegar beina átti viðskiptunum annað.

II.

Niðurstöður

1.

Mál þetta grundvallast í raun á tveim erindum, þar sem aðilar kvarta hvor yfir öðrum. Annars vegar er um að ræða erindi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins þar sem kvartað er yfir því að nýr umboðsaðili Campari á Íslandi, Karl K. Karlsson ehf., hafi reynt að þvinga ÁTVR til þess að kaupa aðra vöru en það óskaði eftir, á hærra verði og í meira magni en fyrirtækið kærði sig um. Hins vegar er um að ræða erindi Verslunarráðs Íslands f.h. Karls K. Karlssonar ehf. Snýr það erindi í raun að viðbrögðum ÁTVR við tilboðum Karls K. Karlssonar ehf. um sölu á Campari eftir að ÁTVR hafði verið bent á fyrirtækið sem umboðsaðila Campari á Íslandi. Er í erindi Verslunarráðs kvartað yfir því að 21% Campari hafi verið flutt úr kjarna í sérflokk á grundvelli reglna Áfengisverslunarinnar og í kjölfarið einungis verið fánlegt í fjórum útsölum ÁTVR. Einnig er kvartað yfir því sem Verslunarráð telur óeðlilega viðskiptahætti hjá ÁTVR að panta um langt skeið einungis lítið magn í einu frá Karli K. Karlssyni ehf. og valda fyrirtækinu þannig óhagræði og halda því í óvissu um framhald viðskiptanna. Er farið fram á að samkeppnisráð taki þessi mál til skoðunar á grundvelli 17. gr., sbr. 1. gr. samkeppnislaga.

Auk þess sem að framan greinir er í erindi Áfengisverslunarinnar kvartað yfir því að eftir að Campari í Mílanó hafi tilkynnt Karl K. Karlsson ehf. sem „einkainnflytjanda“ Campari á Íslandi hafi aðgerðir Campari fyrirtækisins verið til þess fallnar að hindra samhliða innflutning á vörunni. Þegar ÁTVR hafi

farið að leita fyrir sér á Norðurlöndunum með kaup á vörunni hafi komið í ljós að enginn dreifingaraðila Campari á Norðurlöndunum hafi getað afgreitt vöruna til ÁTVR. Sumir þeirra hefðu í fyrstu lýst sig reiðubúna til viðskipta við ÁTVR en þegar á hafi reynt hafi dreifingaraðilar borið því við að geta ekki afgreitt vöruna vegna samningsskuldbindinga sinna við framleiðandann. Telur Áfengisverslunin að með þessu sé verið að hindra samhliða innflutning til landsins en slíkt samræmist ekki samkeppnisreglum EES-samningsins.

Að mati samkeppnisráðs er ljóst að samhliða innflutningur á áfengi til landsins samræmist markmiði samkeppnislaga. Á það jafnt við um innflutning ÁTVR sem annarra, svo lengi sem um samkeppni á jafnréttisgrundvelli er að ræða. Eins og mál þetta er vaxið þykir meint hindrun á samhliða innflutningi falla undir ákvæði EES-samningsins. Það er því hlutverk Eftirlitsstofnunar EFTA eða eftir atvikum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins að úrskurða hvort um ólögmeta hindrun á samhliða innflutningi hafi verið að ræða í máli þessu. Hvetur samkeppnisráð því ÁTVR til þess að senda Eftirlitsstofnun EFTA kæru og fara fram á rannsókn á þessum þætti.

Sá þáttur málsins, þ.e. það álitaefni hvort um hindrun á samhliða innflutningi hafi verið að ræða, tengist að mati samkeppnisráðs öðrum álitaefnum sem hér hafa verið reifuð á þann hátt að ekki verður greint þar á milli. Telur ráðið því ekki ástæður til að fjalla um önnur álitaefni fyrir en niðurstaða Eftirlitsstofnunar um þennan tiltekna þátt málsins liggur fyrir. Af niðurstöðu stofnunarinnar ræðst hvort og á hvaða hátt afskiptum samkeppnisráðs kann að verða háttað.

III.

Ákvörðunarorð:

„Samkeppnisráð telur ekki ástæður til að hafast að í máli þessu að svo stöddu.“

[Máli þessu var áfrýjað; sjá Úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli [nr. 14/1997](#)]